

## REGLUGERÐ

### um hundahald í Hveragerði.

79

7. apríl

## 1. gr.

Bannað er öllum íbúum Hveragerðishrepps að halda hunda, hvort sem viðkomandi menn teljast eiga þá eða ekki, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

## 2. gr.

Hreppsnefndin getur, samkvæmt 1. gr., veitt leyfi til hundahalds í hreppnum, enda sanni leyfisbeiðandi að um þarfahund sé að ræða.

## 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 kr., er renna í sveitar-sjóð Hveragerðishrepps.

## 4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt og sett er samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. apríl 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um hundahald í Selfosshreppi.

80

9. apríl

## 1. gr.

Bannað er öllum íbúum Selfosshrepps að halda hunda, hvort sem viðkomandi menn teljast eiga þá eða ekki, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

## 2. gr.

Hreppsnefnd getur, samkvæmt 1. gr., veitt leyfi til hundahalds í hreppnum, enda sanni leyfisbeiðandi, að um þarfahund sé að ræða. Þá getur hreppsnefnd og veitt leyfi fyrir þeim hundum, sem til eru í hreppnum, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, gegn því, að eigendur ábyrgist, að þeir gangi ekki lausir á almannafæri.

## 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000.00 krónum, og er hver hundur réttdræpur, sem fyrirfinnst í hreppnum, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanhreppsmönnum. Sektir renna í sveitarsjóð Selfosshrepps.

## 4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

- 80 Reglugerð þessi sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og  
9. apríl sett er samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. apríl 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

- 81  
15. apríl

## ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Hörðdæla í Dalasýslu.

<i>Bæjarnöfn:</i>	<i>Arður og gjöld:</i>
Harðarból .....	22½ %
Þorgeirsstaðahlíð .....	8 %
Ytri-Hrafnabjörg .....	7 %
Fremri-Hrafnabjörg .....	7 %
Hlíð .....	2 %
Vífilsdalur .....	5 %
Tunga .....	5 %
Seljaland .....	6 %
Hóll .....	10 %
Bjarmaland .....	8 %
Hamar .....	8 %
Blönduhlíð .....	11½ %

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

- 82  
15. apríl

## SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Hörðdæla.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Hörðdæla. Heimili þess og varnarþing er á þingstað hreppsins, Hamri.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka silungsveiði á félagssvæðinu og gera tilraun með laxaklak, ef sérfróðir menn á því sviði telja líklegt að það beri árangur.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiða í Hörðudalsá og Laugá í Hörðudal í Dalasýslu og þeim vatnsföllum, er í þær renna. Félagsmenn eru ábuendur allra þeirra jarða, sem veiðiréttur fylgir, en þær eru þessar: Harðarból, Þorgeirsstaðahlíð, Hrafnabjörg ytri, Hrafnabjörg fremri, Hlíð, Vífilsdalur, Tunga, Seljaland, Hóll, Bjarmaland, Hamar og Blönduhlíð.